

Amerísk söngkona.

Nýjar myndir á Kjarvalsstöðum

Það er einkenni bestu sona Reykjavíkur, að þeir eru fæddir utanbæjarmenn. Tómas Guðmundsson skáld er fæddur austur í Grímsnesi, Kristján Sveinsson, augnlæknir, sem er heiðursborgari Reykjavíkur, sá eini sinnar tegundar, er fæddur norður í Hegranesi og Reykjavíkurmálarinn Kjarval, var austan úr Meðallandi, fæddur 1885 í Efri-Ey.

Auðvitað hafa allir þessir menn starfað í Reykjavík, og þeir hafa augðað borgina með verkum sínum og persónuleika. Það er ekki tóm nýjungagirni, að höfuðstaður landsins hefur þá til virðingar innan sinna garða.

„Utanbæjarmenn" hafnir til öndvegis

Ekki er þetta samt einsdæmi. Frægustu Akureyringar í hópi skálda, voru ekki fæddir á Akureyri, þeir séra Matthías Jochumson og Davíð Stefánsson. Davíð var fæddur í Fagraskógi við Eyjafjörð, en séra Matthías var frá Skógum í Þorskafirði.

Þessir menn hafa allir hafizt til virðingar í samfélagi sínu og umhverfi í landi, þar sem mönnum var gjarnast að fara ekki yfir í aðrar sveitir, eða byggðarlög með eitt né neitt, og utanhéraðsmenn voru tortryggðir í meira lagi.

Eitthvað í svipuðum dúr voru hugleiðingar mínar, er ég kom í Kjarvalsstaði á dögunum til að sjá „Kjarvalssýninguna" þar, sem er „permanent", eða allt að því, — stendur yfir mánuðum saman. Þar eru hýstir ýmsir dýrgripir, sem Reykjavíkurborg hefur eignazt af verkum meistara Kjarvals, sum eru keypt, önnur hafa verið gefin og enn er að bætast við.

Kjarvalshús

Það fór snemma að bera á því, að stjórnmálamennirnir vildu fara að gera eitthvað fyrir Kjarval. Hann bjó og málaði í Austurstræti 14, át að Hótel Borg og ók í gljáfægðum bíl frá BSR, og öðru hverju sendi hann frá sér undarleg kvæði, torráðna speki í formi ljóða eða örstuttra blaðagreina. Hann varð líka snemma frægur af tiltækjum sínum.

Árin liðu. Kjarval eignaðist aldrei hús í lifanda lífi. Ekki í þeim skilningi, sem venjulega er lagður í skilgreiningu eignaréttarins, eins og þá er birtist í veðmálabókunum. Hann tók aðeins hús á mönnum, og var aufúsugestur. En nú hefur hann eignazt fastan samastað fyrir hluta verka sinna, Kjarvalsstaði, þar sem sérstakur salur er tileinkaður minningu hans og málverki.

Við hittum á dögunum Alfreð Guðmundsson, forstöðumann Kjarvalsstaða og inntum hann eftir þessari Kjarvalssýningu, sem nú stendur. Hann hafði þetta að segja:

Rætt við Alfreð Guðmundsson

— Þetta er þriðja Kjarvalssýningin, sem haldin er að Kjarvalsstöðum. Í samþykktum borgar-



„Yndislegt er úti vor". Hjónin Matthildur Kjartansdóttir og Guðbrandur Magnússon, forstjóri. Matthildur gaf Reykjavíkurborg myndina skömmu fyrir andlát sitt, en þau hjón voru vinir Kjarvals um langt skeið. Margir telja, að Guðbrandur hafi fyrstur Íslendinga vakið opinberlega athygli á Kjarval og gert grein fyrir snilligáfu hans.